

UPPFÆRSLA Á KJARASAMNINGI
milli
Rafiðnaðarsambands Íslands
vegna Félags íslenskra símamanna
og
Mílu ehf.

1. gr.

Aðilar eru sammála um að kjarasamningur milli Rafiðnaðarsambands Íslands vegna Félags íslenskra símamanna og Símans ehf. og dótturfyrirtækja nái til Mílu ehf. eftir að félagið var selt frá Símanum ehf. Kjarasamningur aðila framlengist og gildir frá 1. nóvember 2022 til 31. janúar 2024 með þeim breytingum sem hér greinir.

2. gr.

Almenn launahækkun

Launahækkun samningsins er í formi hlutfallshækkunar og hámarks krónutöluhækkunar.

Þann 1. nóvember 2022 taka mánaðarlaun almennri hækkun um 6,75%, þó að hámarki kr. 66.000.

Kauptaxtar

Í stað áðurgildandi launataxta komi nýir sem verða hluti samningsins. Nýir launataxtar gilda frá 1. nóvember 2022.

Kjaratengdir liðir

Kjaratengdir liðir kjarasamningsins hækka um 5% frá sömu dagsetningum.

Desember- og orlofsuppbót

Desemberuppbót fyrir hvert almanaksár miðað við fullt starf verður:

Á árinu 2023 kr. 115.500

Orlofsuppbót fyrir hvert orlofsár (1. maí til 30. apríl) miðað við fullt starf verður:

Á orlofsárinu sem hefst 1. maí 2023 verður orlofsuppbót kr. 56.000

Hagvaxtarauki

Með framangreindum hækkunum hefur hagvaxtarauka skv. kjarasamningi aðila, sem koma átti til greiðslu 1. maí 2023, verið flýtt og að fullu efndur. Jafnframt er samkomulag um að með þessari hækkun og flýtingu komi ekki til frekara endurmats á hagvaxtarauka skv. kjarasamningi 2019-2022.

3. gr.

Vinnutími samræmdur

Frá og með 1. febrúar 2024 verður vinnutími á viku skv. kjarasamningi 36 virkar vinnustundir. Deilitala dagvinnutímakaups verður frá sama tíma 156.

4. gr.

Afgreiðsla kjarasamnings

Tilkynna skal um afgreiðslu kjarasamnings miðvikudaginn 20. janúar 2023.

Bókun

vegna viðræðna um heildarkjarasamning fyrir tæknigreinar

Viðræður um gerð heildarkjarasamnings fyrir starfsfólk í tæknigreinum fara af stað í upphafi árs 2023. Eitt af markmiðum við gerð heildarkjarasamnings fyrir tæknigreinar er að fækka sérkjarasamningum og fyrirtækjapáttum kjarasamninga fyrir tæknigreinar. Í því skyni mun viðræðuhópur á vegum aðila taka til starfa og skila af sér niðurstöðu eigi síðar en í nóvember 2023.

1.11.2022					
LF	Prep 1	Prep 2	Prep 3	Prep 4	Prep 5
13	418.813	424.728	430.838	437.130	443.612
14	424.728	430.838	437.130	443.612	448.286
15	430.838	437.130	443.612	448.286	455.161
16	437.130	443.612	448.286	455.161	462.245
17	443.611	448.286	455.161	462.245	469.539
18	451.052	462.753	469.836	477.131	484.644
19	457.927	469.837	477.131	484.644	492.382
20	465.011	477.131	484.644	492.382	500.353
21	472.305	484.644	492.382	500.353	508.564
22	479.818	492.382	500.354	508.564	517.092
23	487.556	500.354	508.564	517.092	525.557
24	495.528	508.564	517.096	525.557	534.228

Reykjavík, 10. janúar 2023

Undirritunarsíða

F.h. Mílu ehf.
Guðmundur Heiðar Guðmundsson

F.h. Mílu ehf.
Ásta Þorsteinsdóttir

F.h. RSÍ vegna FÍS
Haraldur Örn Sturluson

F.h. RSÍ vegna FÍS
Kristján Þórður Snæbjarnarson